

hafði selt þessi húsgögn og fært þau frú Margréti Zoëga til tekna, telur hann sig eiga hjá henni kr. 5318,12 (H. V. bls. 74). Á þessari færslu í reikningi frá Margréti Zoëga er vitanlega ekki að byggja, þar sem rannsókn í bókhaldi ákærðs hefir sýnt, að það er í miklu ólagi. Þó verður að telja það sennilegt, að frú Margrét Zoëga standi í nokkurri skuld við ákærðan. Og þótt telja verði það nægilega sannað, að ákærður hafi selt húsgögnin án leyfis, brestur samt sem áður allar sannanir fyrir því, að hann hafi gert það með tilgangi að auðga sjálfan sig á sviksamlegan hátt, en það er fyrsta skilyrði þess, að athöfnin verði refsiverð.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. maí 1880, og hefir aldrei sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Með framferði ákærðs, sem talið er í kafla I hér að framan, hefir hann að álitu dómarans brotið gegn ákvæðum 264. gr. hegningarlaganna, með framferði því, sem lýst er í kafla II, hefir hann brotið gegn ákvæðum 253. og 262. gr. sömu laga; það framferði ákærðs, sem talið er í kafla IV, ber að heimfæra undir ákvæði 263. gr. sömu laga og framferði ákærðs, er greint er frá í V. kafla, ber að heimfæra undir ákvæði sömu greinar.

Refsing sú, er ákærður hefir tilunnið, er að álitu dómarans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, en að svo miklu leyti sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annriki dómarans.

Mánudaginn 17. nóv. 1930.

Nr. 42/1930.

**Einar M. Jónasson** (sjálfur)  
 gegn  
**fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, og**  
**Birni lögmanni Þórðarson**  
 (Stefán J. Stefánsson).

Uppboðsgjörð, krafa um ómerkingu eigi tekin til greina.

Uppboðsgjörð uppboðsréttar Reykjavíkur 20. dez. 1929: Í réttinum er mættur uppboðsbeiðandi, St. Jóh. Stefánsson, hrm., f. h. rikissjóðs, sem er veð- og fjárnámshafi í eigninni, og Óskar Norðmann, kaupmaður, f. h. firmans Jón Þorláksson & Norðmann, er hefir að handveði veðskulda-bréf með 1. veðrétti í eigninni. Fyrir eiganda eignarinnar, Einar M. Jónasson, fyrverandi sýslumann, er einginn mættur í réttinum.

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmálana.

Uppboðið fór því næst þannig fram, að hæstbjóðandi varð Stefán Jóh. Stefánsson, hrm., f. h. rikissjóðs, er bauð kr. 23500,00 — tuttugu og þrjú þúsund og fimm hundruð krónur —, og gjörði hann þá kröfu, að umbjóðanda sínum yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa, og komu engin andmæli fram gegn henni. Næstbjóðandi varð Ólafur Theodór Guðmundsson, er bauð kr. 23000,00 — tuttugu og þrjú þúsund krónur.

Uppboðshaldari tók sér átta daga frest til þess að samþykkja boðið.

### Dómur hæstaréttar.

Þann 31. okt. f. á. var gjört fjárnám í húseign áfrýjanda, nr. 19 við Laufásveg, fyrir dómskuld til rikissjóðs, að eftirstöðvum 51,600 kr., en húseignin var veðsett rikissjóði með 2. veðrétti fyrir 23000 kr., næst á eftir 3000 kr., er hvíldu á 1. veðrétti, og var þess svo af hálfu rikissjóðs krafizt með bréfi, dags. 4. nóv. f. á., að húseignin yrði seld við nauðungaruppboð til greiðslu dómskuldarinnar, ásamt áföllnum og áfallandi kostnaði. Fór uppboð þetta fram 20. dez. f. á., með þeim árangri, að rikissjóður varð hæstbjóðandi í eignina fyrir 23500 kr. og krafðist þess, að hún yrði sér útlögð til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Uppboði þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 7. júní þ. á., og hefir hann krafizt þess, að uppboðið verði ómerkt og að fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, og uppboðsráðandi Reykjavíkur, lögmaður Björn Þórðarson, sem stefnt hefir

verið til ábyrgðar, verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa hinsvegar krafizt, að uppboðsgjörðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerking uppboðsins í fyrsta lagi á því, að búið hafi verið að áfrýja fyrgreindu fjárnámi, en dómur um lögmæti þess eigi verið genginn, þegar uppboðið fór fram. Þetta er að vísu rétt, en þar sem áfrýjandi lagði eigi fram áfrýjunarstefnuna í uppboðsréttinum og engin mótmæli komu fram gegn því, að uppboðið færi fram, þá verður uppboðið ekki ómerkt fyrir þessa sök, enda var fjárnámsgjörðin staðfest með dómi hæstaréttar 20. júní þ. á.

Í annan stað byggir áfrýjandi kröfu sína um ómerking uppboðsins á því, að ekki hafi verið gefið hamarshögg á uppboðinu fyrir eigninni. En eftir því sem upplýst er hér fyrir réttinum, var boð hæstbjóðanda samþykkt af uppboðsráðanda innan þess tíma, sem áskilinn var í söluskilmálunum, og hefir því þessi mótbára áfrýjanda gegn lögmæti uppboðsins ekki við nein rök að styðjast.

Loks krefst áfrýjandi ómerkingar uppboðsins fyrir þá sök, að það hafi ekki sér vitanlega verið auglýst á þann hátt, sem lög mæla fyrir. Að vísu er þess ekki getið í uppboðsgjörðinni, hvernig uppboðið hafi verið auglýst, né heldur, að uppboðsauglýsingin hafi verið lögð fram í uppboðsréttinum, en í hæstarétti hafa verið lögð fram 45., 46. og 47. tölublað af Lögbirtingablaðinu 1929, er sýna það, að auglýsingin um uppboðið hefir verið birt þrisvar í blaðinu, í fyrsta sinni 7. nóv. f. á, eða fullum 6 vikum áður en uppboðið fór fram. Ennfremur hefir hér í réttinum verið

lagt fram vottorð frá þeim fulltrúa uppboðsráðanda Reykjavíkur, er uppboðið hélt, um það, að þessi þrjú tölublöð Lögbirtingablaðsins hafi verið til staðar í uppboðsréttinum og að áfrýjanda hafi verið send tilkynning um uppboðið í ábyrgðarbréfi 6. nóv. f. á. Verður því að telja það upplýst, að uppboðið hafi verið auglýst svo sem lög nr. 23, 7. maí 1928 mæla fyrir um birtingu nauðungaruppboða á fasteignum.

Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgjörð og verður áfrýjandi eftir þeim úrslitum að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu uppboðsgjörð skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, fyrrum sýslumaður, greiði fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og lögmanni Birni Þórðarson, hvorum um sig 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóv. 1930.

Nr. 86/1929.

**Pétur M. Bjarnarson**

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

**Ólafi Gíslasyni & Co. og gagnsök**

(Lárus Jóhannesson).

Skuldakröfur út af viðskiftum eigi teknar til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1929:  
Ef Ólafur stórkaupmaður Gíslason, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að stefnandi,